

Skotfélag Reykjavíkur
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Selfossi, 3. janúar 2025
UST202412-198/K.B.B.
08.04

Efni: Ákvörðun um framlengingu bráðabirgðaheimildar - Skotfélag Reykjavíkur

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Skotfélags Reykjavíkur, til Umhverfisstofnunar, dags. 17. desember 2024 þar sem sótt er um framlengingu á bráðabirgðaheimild, sbr. 6. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitti Skotfélagi Reykjavíkur bráðabirgðaheimild fyrir rekstri skotvallar á Álfsnesi, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, dags. 5. september 2024 og og var henni markaður gildistími þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 5. janúar 2025. Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tekur við starfsemi Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar.

Fram kemur í umsókn Skotfélags Reykjavíkur að vegna dráttar á vinnu við undirbúning starfsleyfis fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi, óski félagið eftir framlengingu bráðabirgðaheimildar. Fram kemur í umsókn að vinna sé í gangi við undirbúninginn hjá Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar og reiknað sé með að öll gögn verði tilbúin fyrir Heilbrigðiseftirlit borgarinnar innan skamms. Unnið er að lagfæringu girðingar utan um svæðið og verkfræðistofan VSÓ er að gera tillögur að auknum hljóðvörnum, sem liggja fyrir fljótlega.

Umhverfisstofnun aflaði umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna málsins. Fram kemur í umsögninni að vinna sé hafin við gerð starfsleyfisskilyrða vegna tillögu að starfsleyfi. Sú vinna sé í bið á meðan beðið er ítarlegri gagn vegna greiningar og aðgerða til minnkunar á hávaða frá starfsemi.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfsemi. Umhverfis- og orkustofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar. Í ákvæðisins kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að framlengja bráðabirgðaheimild um allt að eitt ár að uppfylltum skilyrðum 7. gr. a laganna.

Í ljósi framangreinds, umsagnar heilbrigðisnefndar, þess að fyrir liggur fullnægjandi starfsleyfisumsókn og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur Umhverfis- og orkustofnun ákveðið að framlengja bráðabirgðaheimild Skotfélags Reykjavíkur, kt. 600269-2919, til rekstrar skotvalla á Álfsnesi.

Umhverfis- og orkustofnun hefur ákveðið að framlengja bráðabirgðaheimild Skotfélags Reykjavíkur þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 5. janúar 2026. Framlengd bráðabirgðaheimild verður bundin sömu skilyrðum og bráðabirgðaheimild dags. 5. september 2024¹ og vísast efnislega til hennar.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um framlengingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvaðarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,

Kristín Björk Birgisdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

¹ [Bráðabirgðaheimild Skotfélags Reykjavíkur 2024](#)